

Stefna um notkun gervigreindar hjá Garðabæ

Inngangur:

Markmið Garðabæjar með notkun gervigreindar er að auka möguleika starfsfólks og notenda til upplýsinga og sjálfbærni, auka sjálfstæði í vinnu og verkefnum og leggja nútímaleg verkfæri í hendur starfsfólks. Allt er það gert til að styðja við góða þjónustu við íbúa bæjarins.

Gervigreindarlausnir skal meðhöndla eins og samstarfsaðila. Það getur verið hjálplegt að nýta gervigreindina í aðstoð og leiðbeiningum en ekki má gefa upp trúnaðarupplýsingar. Gervigreindarlausnir ætti að nota sem stuðning við vinnu en þær ættu ekki að verða að ómissandi þætti í vinnslu starfsfólks sveitarfélagsins nema að slíkt sé ákveðið og skilgreint með skýrum hætti.

Það er stefna Garðabæjar að nota gervigreind með öruggum, skilvirkum og stýrðum hætti. Starfsfólki Garðabæjar er leiðbeint um notkun á gervigreindarlausnum og skulu fá fræðslu um hvaða lausnir eru notaðar í störfum sveitarfélagsins.

Persónuvernd og upplýsingaöryggi:

- **Ávallt fara eftir grundvallarreglum persónuverndar:** Öll vinnsla persónuupplýsinga með notkun gervigreindar skal vera eins takmörkuð og mögulegt er og vera eins gegnsæ og hægt er. Ávallt skal starfa í samræmi við lög og reglur.
- **Einungis skal nota samþykktar gervigreindarlausnir:** Samþykktar lausnir hafa verið metnar, meðal annars út frá kröfum til upplýsingaöryggis og persónuverndar. Ekki er leyfilegt að nota aðrar en samþykktar lausnir til vinnslu, þar á meðal meðhöndlunar á persónuupplýsingum.
- **Kröfur til samþykktra gervigreindarlausna:**
 - Allar samþykktar lausnir skulu áhættumetnar og áhættur samþykktar eða meðhöndlaðar.
 - Allar samþykktar lausnir skulu vera í samræmi við gildandi lög og reglur.

Gervigreind skal aldrei taka ákvörðun um þjónustu við íbúa: Þrátt fyrir að gervigreind geti verið notuð sem verkfæri til að komast að ákvörðun sem snýr að íbúa skal gervigreind aldrei taka ákvörðun um þjónustu við íbúa, réttindi eða aðgengi að þjónustu.

Sanngirni, gegnsæi og jafnrétti: Ávallt skal gæta þess að þær gervigreindarlausnir sem eru notaðar virði sanngirni og jafnrétti og séu gegnsæjar í tillögum og aðgerðum. Hætta á mismunum sem er byggð á fyrirliggjandi gögnum er ávallt nokkuð sem þarf að vera á varðbergi gagnvart. Öll vinnsla með notkun gervigreindarlausna skal vera eins gegnsæ og mögulegt er til að tryggja sanngjarna vinnslu.

Fræðsla: Notendum innan Garðabæjar er veitt viðeigandi fræðsla í notkun á gervigreind innan bæjarins. Sú fræðsla byggir á þessari stefnu og miðast að því að notkun á gervigreindinni sé örugg og í samræmi við þau lög og reglur sem gilda hverju sinni.

Gagnrýnin hugsun: Gervigreind getur gert mistök. Þess vegna er mikilvægt að viðhafa gagnrýna hugsun varðandi þær upplýsingar sem gervigreind veitir og sannreyna þær upplýsingar með öðrum leiðum ef ástæða er til.

Notkun gervigreindar og umhverfisvernd: Notkun gervigreindar er orkufrek og því er mikilvægt að gætt sé að því að notkunin fari ekki fram úr hófi. Hér er átt við tíma starfsfólks, kostnað og vatns- og rafmagnsnotkun. Það er því mikilvægt að vera stuttur og skýr í fyrirmælum til gervigreindarinnar.

Nánari upplýsingar um notkun gervigreindar í stjórnsýslu og skólastarfi Garðabæjar er að finna í sérstökum leiðbeiningum bæjarins.

Stefna lögð fyrir og samþykkt í bæjarráði 3. júní 2025

Skjal sótt af '00000000000' dags: 24.03 2026